**Fundur í Skólaráði Víkurskóla 29. maí 2024 klukkan 13:00**

**Fundarstaður: Víkurskóli**

**Mættir eru:** Elín Einarsdóttir, skólastjóri sem stýrði fundi, Þuríður Lilja Valtýsdóttir kennari, Helga Halldórsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags og Sif Hauksdóttir, kennari sem ritaði fundargerð. Bergný boðaði forföll, ekki er vitað um aðra.

**Dagskrá**

1. **Niðurstöður úr Skólapúlsi starfsmanna 2024**

   Elín fór yfir niðurstöður Skólapúlsins. Ekki miklar breytingar frá síðustu könnun. En áhugaverðir punktar sem við rýndum frekar. Ýtarlegri rýnivinna á starfsdögum starfsmanna.

2. **Viðburður á vegum Skólaráðs n.k. haust**

   Tillaga um að lesturinn og ábyrgð foreldra verði í forgrunni að námskeiði næsta haust.

3. **Breytingar á húsnæði Víkurskóla**

   Elín fór yfir þær breytingar sem verða á húsnæði Víkurskóla næsta skólaárs þar sem leikskólinn Mánaland er að fara í nýtt húsnæði og það rými sem hann var í verður grunnskólans.

4. **Önnur mál**

   Lítil viðbrögð við auglýsingu vegna þroskaþjálfa og kennara.

   Elín sagði frá nýju viðverukerfi sem verður tekið upp á næsta skólaári.Kerfið er samræmt á okkar skólaþjónustusvæði.

   Helga Halldórsdóttir biðst undan því að vera fulltrúi grenndarsamfélagsin á næsta skólaári. Henni er færðar miklar þakkir fyrir sína þátttöku og faglegt innlegg í starf skólaráðs.

   Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 14:00